

152. fundur

Fundur verður haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 20. ágúst 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Reitarvegur 4, endurnýjun og stækkun á húsi.
Guðmundur Kr. Jónsson og Hróbjartur Árnason sækja um að a) Hækka og breyta þakformi hússins. b) Endurbyggja og stækka núverandi viðbyggingu við norðurhlið c) Reisa viðbyggingu við vesturhlið hússins fyrir anddyri og geymslu sbr. teikningar frá Jon Nordstein, dags. 27.06.2012 og 03.07.2012.
Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Reitarveg nr. 2, 4a og 6. Engar athugasemdir bárust. Umsögn frá Húsafriðunarnefnd liggur fyrir dags. 05.07.2012.
Erindi samþykkt.
2. Reitarvegur 8, klæðning á húsi.
Gestur Hólm sækir um leyfi f.h. eigenda Reitarvegs nr. 8 að klæða austur og vesturgafla hússins með litaðri stálklæðningu sbr. bréf dags. 31.07.2012.
Erindi samþykkt.
3. Nesvegur 5, stöðuleyfi.
Atli Rúnar Sigurþórsson/Dekk og Smur ehf Nesvegi 5 sækir um stöðuleyfi á 40 ft gámi fyrir geymslu á hjólbörðum , sbr. umsókn og bréf dags. 16.06. 2012.
Samþykkt að veita stöðuleyfi að fenginni umsögn frá eldvarnareftirlitinu.
4. Reitarvegur, stöðuleyfi.
Björgvin Ragnarsson sækir um stöðuleyfi á þremur samliggjandi geymslu gámum við Reitarveg , sbr. umsókn og bréf dags. 26.06.2012.
Þar sem gámarnir standa á áður áætlaðu gámasvæði samkvæmt gamalli skipulagstillögu er stöðuleyfi veitt til eins árs.
5. Nesvegur 16, stöðuleyfi.
Alex Páll Ólafsson /Íslensk bláskel ehf. á 20 og 40 ft gámum í tengslum við vinnslu hjá fyrirtækinu, sbr. umsókn dags. 29.06.2012.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

6. Reitarvegur 14, stöðuleyfi á gámum.
Eggert Halldórsson sækir um f.h. Þórsnes ehf á stöðuleyfi fyrir 4 gáma 20 ft og 3 40 ft sem geymslur fyrir vélar og tæki tengd skelfiskvinnslu, sbr. tölvupóst dags. 2.07. 2012.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
7. Nesvegur 9-9a, stöðuleyfi.
Birgir Jónsson/Hillari ehf. sækir um að staðsetja tvo gáma við húsið fyrir geymslu á verkfærum og varahlutum og einnig er sótt um lóðarstækkun til að koma gámunum betur fyrir sbr. bréf dags. 12.07.2012.
Nefndin leggur til að lóðarstækkun verði hafnað þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu sbr. fyrri afgreiðslu nefndarinnar á beiðni um lóðarstækkun dags. 9.01.2012. Samþykkt að veita stöðuleyfi á gámum á lóðum til eins árs.
8. Nesvegur 11 a, stöðuleyfi.
Birgir Jónsson sækir um að staðsetja flöskugám á lóð við Nesveg 11 a sbr. bréf dags. 12.07.2012.
Erindi frestað.
9. Reitarvegur, stöðuleyfi.
Pröstur Ingi Auðunsson sækir um stöðuleyfi á 3 20 ft gámum fyrir geymslu á veiðarfærum sbr. umsókn dags. 15.08.2012.
Þar sem gámarnir standa á áður áætlaðu gámasvæði samkvæmt gamalli skipulagstillögu er stöðuleyfi veitt til eins árs.
10. Önnur mál.
 - 10.a Nefndin leggur til að farið verði yfir hæðarkóta verslunar- og þjónustulóða við Aðalgötu í ljósi óeðlilegar hæðar á lóð Atlandsolíu við Aðalgötu 35.
 - 10.b Nefndin óskar eftir að komið verði skilaboðum til þeirra er hafa stöðuleyfi fyrir gáma, að bæta útlit gámana og umgengni í kringum þá.

Fundi slitið kl. 22:40.

B.V.

